


Nr.: GAT-002	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.05.2013	Rýni stjórnenda	
Höfundur: SS		
Samþykkt: IO		
Síða 1 af 6		

Rýnisfundur var haldinn:

Dags.: 1. júní 2023

Tími: 10.00

Staðsetning: Skrifstofa skólameistara

Fund boðaði: Gæðastjóri, Hafdís Einarsdóttir

Mættir: Hafdís, Ingileif, Kristján, Þorkell og Grétar

Fjarverandi:

Niðurstöður rýnisfundar:

0. Forsendur

Tilgangur fundarins var að fara yfir Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2023. Skýrslan er vistuð á sameiginlegu drifi starfsfólks en verður síðar færð inn í viðeigandi málalykil GoPro.


Farið er yfir helstu atriði í hverjum kafla og aðgerðir ákvarðaðar. Þessar aðgerðir eru teknar saman á aðgerðalista í lok þessarar fundargerðar.

1. Niðurstöður frá fyrri rýni stjórnenda

Niðurstöður rýni stjórnenda frá því í janúar 2023 sýndu þörf á að vinna að eftirfarandi úrbótum:

- Vinna úr athugasemdum eftir forúttekt
- Laga kvarða tveggja spurninga í kennslumati
- Vinna að markmiðasetningu fyrir áfanga
- Laga skjalið GÁT-021 skv. Ábendingum
- Rýna í meðaltalseinkunn og námsmat fjarnema
- Fylgja eftir úrbótum sem unnið var að á haustönn
- Útbúa hnapp á heimasíðu til að auðvelda öllum að koma með ábendingar
- Koma af stað innri úttektum
- Aðstoða kennara og deildarstjóra við að koma GÁT-021 fyllilega í gagnið
- Kynna flokkun skjala fyrir starfsfólki sem og að senda leiðbeiningar um staðsetningu gæðahandbókar
- Þróa leiðir við námsmat
- Búa til netfang fyrir gæðaráð þangað sem hægt er að senda ábendingar/kvartanir
- Skoða hvort grundvöllur sé til að leggja fyrir SVÓT greiningu.
- Útbúa leiðbeiningar fyrir starfsfólk, kennara og aðra eftir verkþáttum. Þar verða tilgreind þau skjöl sem viðkomandi þurfa að hafa í huga í starfi sínu innan gæðakerfisins.
- Finna innri úttektaraðila, þjálfá þá og skilgreina verksvið.

2. Niðurstöður innri úttekta

Nr.: GAT-002	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.05.2013	Rýni stjórnenda	
Höfundur: SS		
Samþykkt: IO		
Síða 2 af 6		

Tvær lotur innri úttekta fóru fram á vorönn 2023. Í lok janúar hófst undirbúningsvinna fyrir þær þar sem þrír kennarar höfðu gefið sig fram til að rýna gæðakerfið og sú síðari fór fram í maí.

Flest skjöl gæðahandbókarinnar voru rýnd en rýni á skjölum um námsmat var frestað vegna þeirrar vinnu sem fer nú fram í að breyta námsmati skólans. Helstu frávik sem fram komu voru eftirfarandi:

- Að nemendur og starfsfólk var ekki upplýst um að gögn þeirra eyðist 93 dögum eftir lok starfs/náms
- Að gæðahandbók sé enn ekki kynnt nýju starfsfólki
- Hlutverk umsjónarmanns skólasóknar óljóst í verklagi
- STS-002 var ófullnægjandi og þurfti að vinna upp á nýtt
- INN-004 þurfti töluverðar lagfæringar
- Rekstrarhandbók þarf að birta á heimasíðu
- Gæðastefna skólans var ekki fullmótuð
- Öll skjöl sem varða skjöl og skrár þarf að lesa yfir og laga
- Skoða framkvæmd á ákvörðun um nýtt kennsluefni

Ofangreindar athugasemdir eru flestar nú þegar lagfærðar en þær sem ekki hafa verið lagfærðar við samþykki þessarar skýrslu koma fram í kafla 10, aðgerðalista.

3. Endurgjöf frá viðskiptavinum (og notendum)

Áfangakönnun.


Kennslumat er gert á hverri önn, í formi könnunar sem lögð er fyrir nemendur, þar sem þeir svara spurningum um störf kennara og aðbúnað til kennslu. Heildar niðurstöður eru birtar á vef skólans og einnig hafa kennarar aðgang að sínum niðurstöðum í gegnum INNU í lok annar. Könnunin var lögð fyrir á tímabilinu 17. apríl til 1. maí. Fjöldi svara í áfangakönnun var 133 (83% svarhlutfall) og var könnunin lögð fyrir í INNU.

Samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar er styrkleika að finna í að nemendur telja samskipti sín, bæði við aðra nemendur og kennara, vera góð, þeir eru ánægðir með aðferðir við námsmat, þeim finnst áfangarnir vera vel skipulagðir og telja skilning sinn á efni áfangans hafa aukist. Helstu veikleikana má finna í að nemendur undirbúa sig ekki fyrir kennslustundir og finnast kennsluvefir áfanganna ekki vera gagnlegir.

4. Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og útskrift námskeiða

4.1 Frammistaða ferla og samræmi vöru

Endurskoðun skjala í gæðahandbókinni hélt áfram á vorönn 2023 og var mjög gagnlegt að fara í

Nr.: GAT-002	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.05.2013	Rýni stjórnenda	
Höfundur: SS		
Samþykkt: IO		
Síða 3 af 6		

gegnum innri úttektirnar. Þar komu fram gagnlegar ábendingar um eitthvað sem þurfti að skoða og var það gert í framhaldinu.

GÁT-021 var endurskoðað en mun verða fullunnið þegar skipulag námsmatsdaga liggur fyrir í haust.

Áfangastjóri heldur utan um einkunnadreifingu í áföngum, meðaleinkunnir og fleira. Í dagskóla á vorönn 2023 stóðust 87% áfanga af þeim sem hófu nám en 13% ekki. Í fjarnámi stóðust 71% áfanga af þeim sem hófu nám en 29% ekki.

5. Úrbætur

Á önninni var lokið við að vinna úr athugasemdum úr forúttekt sem og unnið úr innri úttektum sem fram fóru. Að lokinni vottunarúttekt í mars þurfti að vinna úr tveimur athugasemdum; gæðastefnu skólans og verkferli varðandi nýjan/endurbættan áfanga. Það gerði gæðateymið á næstu dögum og sendi til vottunarteymisins og úr varð að skólinn fékk vottunarúttekt við lok skólaársins. Helstu úrbætur annarinnar voru eftirfarandi:

- Unnið úr athugasemdum innri úttekta
- Athugasemdir úr forúttekt fullunnar
- Sett inn í upplýsingar til nemenda og starfsfólks að gögn þeirra eyðist eftir ákveðinn tíma að loknu námi eða starfi.
- Kynning á gæðahandbók sett inn í verkferil þegar tekið er á móti nýju starfsfólki.
- Hlutverk umsjónarmanns skólasóknar skrifað í verklagsreglu
- STS-002 unnið upp á nýtt
- INN-004 lagfært að miklu leyti
- Gæðastefna skólans fullmótuð
- Hnappur útbúinn á heimasíðu skólans fyrir tilkynningar


6. Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda

Hér að neðan má sjá aðgerðir sem við framkvæmdum í kjölfarið á fyrri rýni stjórnenda. Helstu atriðin eru þessi:

- Unnið úr athugasemdum eftir forúttekt
- Skjalið GÁT-021 lagað skv. ábendingum
- Rýnt í meðaltalseinkunn og námsmat fjarnema
- Fylgt eftir úrbótum sem unnið var að á haustönn
- Útbúinn hnappur á heimasíðu til að auðvelda öllum að koma með ábendingar
- Innri úttektum hrint í framkvæmd
- GÁT-021 komið í gagnið
- Starfsfólki kynnt flokkun skjala í gæðakerfinu
- Unnið að þróun námsmatsleiða
- Fundið innri úttektaraðila, þeir þjálfaðir og fengið skilgreint verksvið.

7. Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)

Á vorönn 2023 voru námsmatsaðferðir skólans skoðaðar og skipaður verkefnastjóri til að hafa umsjón með því ferli. Í framhaldi af þessu ferli þarf að skrifa allar verklagsreglur að nýju sem tengjast

Nr.: GAT-002	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.05.2013	Rýni stjórnenda	
Höfundur: SS		
Samþykkt: IO		
Síða 4 af 6		

námsmati sem og önnur skjöl sem þeim tengjast.

7.1 Mat á ytri þáttum/áhættuþáttum sem geta haft áhrif á starf skólans

Ýmsir þættir hafa áhrif á starf skólans, námsframboð hans og áherslur. Þar má nefna námskrár sem menntamálayfirvöld samþykkja eftir tillögum skólans. Þar koma einnig inn samfélagslegir þættir svo sem eftirspurn nemenda og atvinnulífs eftir námi á ákveðnum námsbrautum, breytingar á atvinnulífi, árgangastærðir upp úr grunnskóla, og aðrir ytri þættir.

8. Tillögur um umbætur


Á haustönn 2023 liggja fyrir nokkur atriði sem vinna þarf í. Meðal þeirra eru að:

- Fara yfir hagaðilagreiningu
- Endurskoða gæðamarkmið
- Klára skjölun
- Betrumbæta GÁT-021 enn frekar
- Endurskoða öll skjöl um námsmat
- Tryggja útgefin skjöl
- Fjölga sts skjölum í samræmi við heimasíðu
- Birta rekstrarhandbók á heimasíðu

9. Sóknarfæri

Nú liggur fyrir að takmarki um vottun á gæðakerfinu er náð. Nú eru helstu áskoranir gæðaráðs að viðhalda gæðakerfinu áfram og efla það eins og unnt er. Í dag sjáum við helstu sóknarfærin í að virkja starfsfólk og nemendur til að nýta sér tilkynningahnappinn sem hefur verið útbúinn á heimasíðunni. Að auki gefst færi á að bæta innri úttektir frekar, enda aðeins ein úttekt farið fram og alltaf tækifæri til bætinga.


Þá er stærsta málið sem bíður gæðakerfisins að skjalavistunarkerfi skólans verði virkt og hægt verði að gefa út skjöl samkvæmt verklagsreglum en þar að auki þarf að endurskrifa öll skjöl um vistun skráa og skjala í kjölfarið.

Nr.: GAT-002	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.05.2013		
Höfundur: SS		
Samþykkt: IO		
Síða 5 af 6		
Rýni stjórnenda		

10. Aðgerðalisti

Númer á einstökum efnisatriðum hér að neðan vísa á sama kaflanúmer í Skýrslu fyrir rýni stjórnenda vor 2023.

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA vor 2023			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
2	Innri úttektir		
	Fylgja eftir frávikum úr innri úttektum vorannar	Gæðastjóri	Sept 23
	Halda áfram með innri úttektir samkvæmt plani	Gæðastjóri	Jan 24
3	Endurgjöf frá viðskiptavinum og notendum		
4	Frammistaða ferla, samræmi vöru, útskrift áfanga og námskeiða		
5	Staða forvarna og úrbóta		
	Kynna gæðahandbók fyrir starfsfólki á fundi	Gæðastjóri	Sept 23
	Kynna gæðastefnu fyrir starfsfólki og fá athugasemdir	Gæðastjóri	Sept 23
6	Aðgerðir til að fylgja eftir fyrri rýni stjórnenda		
	Kynna flokkun skjala fyrir starfsfólki sem og að senda leiðbeiningar um staðsetningu gæðahandbókar.	Gæðastjóri	Sept 23
7	Breytingar sem gætu haft áhrif á gæðastjórnunarkerfið (þ.m.t. gæðastefna og markmið)		
	Þróun námsmats, endurskrifa þarf öll skjöl sem tengjast námsmati	Gæðastjóri og stjórnendur	Des 23
8	Tillögur um umbætur		
	Rekstrarhandbók þarf að birta á heimasíðu	Gæðastjóri og verkefnastjóri heimasíðu	Des 23
	Gera hagaðilagreiningu ítarlegra	Gæðastjóri	Sept 23
	Ath með pósthólf gæðastjóra	Gæðastjóri	Ág 23

Nr.: GAT-002	Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra	
Útgáfa: 01		
Dags.: 22.05.2013	Rýni stjórnenda	
Höfundur: SS		
Samþykkt: IO		
Síða 6 af 6		

AÐGERÐALISTI VEGNA RÝNI STJÓRNENDA vor 2023			
Nr.	Atriði	Ábyrgð	Tími
	Tryggja útgefin skjöl	Gæðastjóri og verkefnastjóri skjalavörslu	Sept 23
	Öll skjöl sem varða skjöl og skrár þarf að lesa yfir og laga	Gæðastjóri	Des 23
9	Sóknarfæri		
	Halda gæðakerfinu virku áfram og efla enn frekar	Gæðastjóri	Vetur 23-24
	Kynna hnapp á heimasíðu betur	Gæðastjóri	Sept 23

Ef starfsmaður sér tækifæri til umbóta á skólastarfsemi eða nauðsyn á forvörnum lætur hann gæðastjóra vita með tölvupósti